

Ísafjarðarbær
MÓTTEKID
08. feb. 2018
Málsnr. 2017-09-0089
Frumrit . . . til skjalasafns

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400- Ísafjörður

Flateyri, 2. febrúar 2018

Efni: Málefni Félags- og menningarmiðstöðvarinnar að Hafnarstræti 11, Flateyri

Með bréfi þessu viljum við koma eftirfarandi á framfæri við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar:

-Við óskum eftir því að Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, sem skipar formann stjórnarinnar, hafi frumkvæði að því að fylgja eftir áætlun sem gerð var á fundi í stjórn Félags- og menningarmiðstöðvarinnar 16. ágúst sl. um nauðsynlega vinnu við að koma ársreikningum og öðrum málefnum miðstöðvarinnar eðlilegt horf ásamt því að endurskoða samstarfssamninginn sem upphaflega var gerður í febrúar 2003.

-Við leyfum okkur að gera athugasemdir við að ekki voru boðaðir til ofangreinds fundar allir aðilar samkomulagsins.


-Við gerum alvarlegar athugasemdir við bréf sem Félag eldri borgara í Önundarfirði sendi Ísafjarðarbæ 17. september 2017 þar sem samkomulagi upphaflega sex aðila (nú fimm aðila) er einhliða sagt upp. Einhlíða uppsögn eins aðila að gildum samningi getur ekki farið fram á þann hátt sem tilgreint er í bréfinu. Slíkt stangast bæði á við ákvæði samningsins og „heiðursmannasamkomulagið“, sem gert var þegar aðilar sem lögðu fram fé til kaupa á húseigninni, heimiluðu að Félag eldri borgara í Önundarfirði yrði skráður eigandi neðri hæðar húseignarinnar að Hafnarstræti 14 Flateyri.


-Við leyfum okkur að minna á að í upphafi var Félags- og menningarmiðstöðinni komið á fót í þágu allra íbúa á Flateyri/Önundarfirði og eignarskráning þá talin aukaatriði miðað við hina breiðu skírskotun sem stefnt var að.

-Við óskum, eftir því að sem allra fyrst verði öllum aðildarfélögunum fimm boðið að senda fulltrúa sinn til fundar með stjórn Félags- og menningarmiðstöðvarinnar þar sem upplýsingar um núverandi stöðu verði veittar.

Virðingarfyllst,


Formaður Rauda kross deildar Önundarfjarðar


Formaður Ibúasamtaka Önundarfjarðar


Formaður Minjasjóðs Önundarfjarðar

Afrit sent Félagi eldri borgara
-Guðmundur B. Hagalínsson
Flateyri